

né er nokkur nú í seinni tíð, er látið hefir sér jafn annt á óhlut-dræga vísu um menningu lands og þjóðar og Páll Briem.

Alla þessa menn hefir árið 1904 tekið frá oss. Upp í þessi stóru auðu skörð eiga komandi ár að hlaða.— En geta þau það, eða munu þau gjöra það? Ervitt mun verða að svara þeirri spurningu með nokkurri vissu, enda eru til þess fá gögn fyrir hendi. Þeir eru ekki margir vorir yngri menn, er líklegir virðast til að skipa sæti þessara, er nú eru brott farnir. Enda er sjálfsagt ekki til þess ætlast. Framleiðslukrafaþar þjóðanna eru takmarkaðir í þá átt sem aðrar, og það fara sjaldnast aldri saman, þar sem hvert stórmennið tekur við af öðru hjá sömu þjóð.

Enda breytast þarfir og kringumstæður. „Pegar smiðurinn byggir, fá ökumennirnir nóg að starfa“, segir þýzkur málsháttur, og svo er enn hér. Vorum miklu mönnum, er komið hafa af stað ótal umbótum á hugsunarhættinum og stefnu þjóðarinnar, er fylgt fast á hæla af flokki manna, er einnig þykjast vera í „tölu spámannanna“, en í sannleika eru að eins trúðar. Þeir eru skriflinn, sem æpir að unnum sigrinum. Þessir menn hafa borist á flóðoldum hinna nýju menningarstrauma, er afreksmennin hafa komið til vegar, og þeim finnst þeir vera með í leiknum.

Eftir hverju virkilegu framfaratímabili hlýtur þessi hávaða-öld að fylgja, og meðan hún varir, eru allar aðrar raddir kæfðar í háreystinni. Pegar henni slotar, roðar aftur fyrir nýrri öld.— Hvort það er fyrir þessar orsakir, að þráðurinn er slitinn, og að sagan setur þar sín kapítulaskifti, er enn óráðin gáta, en ekkert er það ólísklegt.

Vér getum naumast búist við, að eignast annan Jónas Hallgrímsson, meðan þjóð og einstaklingar nefna hvern skimpitrúð Jónas, er að eins bullar nógu mikið. Né heldur kemur Jón Sigurðsson til vor aftur, meðan þjóðin þekkir ekki þá hugsjón, en svívirðir nafn hans með því, að setja það við allskonar pólitífska blekbletti,— allskyns jóna og jensa, bjarna og birni, landvörn og lýðvörn og „ljósfælnar vofur“. Mælskan er ekki í því fólgin, að tala fullan orðabelg.